

Nd.

193. Nefndarálit

[4. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er tvíþætt: annars vegar um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika, sem m. a. hafa skapast vegna gengisfellingar hægri stjórnarinnar, og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Um fyrri atriðið — ráðstafanir í sjávarútvegi — er það að segja, að þær miðast einvörðungu við tilfærslur fjármagns innan atvinnugreinarinnar sjálfar og þá fyrst og fremst frá launþegunum og yfir til atvinnurekendanna. Þannig er gert ráð fyrir því í 2. og 3. gr. frumvarpsins að hækka þann hlut, sem tekinn er af óskiptu, mjög verulega og ráðstafa honum til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, þ. e. a. s. í þágu atvinnurekenda í útvegi. Með þessu er verið að rýra kjör sjómanna stéttarinnar mjög verulega og skerða sjálfan grundvöll frjálsra kjarasamninga þeirra. Sjómannasamtökin hafa hraðlega mótmælt þessu gerræði hægri stjórnarinnar og talið það fullnægjandi ástæðu til þess að segja upp gildandi kjarasamningum.

Minni hl. sjútvn. Nd. lýsir sig samþykkan afstöðu sjómanna til þessara ráðstafana og leggur til að frumvarpsgreinarnar verði felldar.

Í 1. gr. frv. gerist það í fyrsta skipti, að ráðin eru tekin af Verðlagsráði sjávarútvegsins með því að heimila ekki nenia óverulega fiskverðshækkun á sama tíma og reynt var að ná samkomulagi um fiskverðið í Verðlagsráðinu og áður en séð yrði hvort það myndi geta tekist. Þegar þetta gerðist hafði engin hækkun fengist fram á fiskverðinu frá áramótum 1973—74 og sjómenn því ekki fengið launahækkanir á tímabilinu til samræmis við aðra launþega. Þeim mun tilfinnanlegri hafði þessi seinkun á launabótum til sjómanna stéttarinnar orðið þar sem afli hafði farið rýrnandi. Auk þess sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem kom í veg fyrir það, að sjómenn gætu fengið launahækkanir til jafns við aðrar stéttir, er hér um hættulegt fordæmi að ræða, þ. e. a. s. það fordæmi að ríkisstjórn gripur með bráðabirgðalögum inn í atriði frjálsrar samningagerðar launastéttar á meðan sú samningagerð stendur yfir og ekkert bendir til annars en að hún hefði getað tekist án afskipta ríkisvaldsins.

Með 4. gr. frv. er kostnaði vegna verðhækkunar á olíu velt yfir á sjómenn að miklu leyti, vegna þess að þessar tilfærslur fjármuna innan atvinnugreinarinnar koma í veg fyrir hækkun fiskverðs, sem ella hefði getað orðið. Með þessari grein er sjávarútveginum í raun sjálfum gert að standa undir olíuverðshækkuninni og stór hluti þeirra byrða lagður á launþegana í atvinnugreininni — sjómennina.

Um 5., 6., 7. og 8. gr. frv. er ekki ágreiningur í sjútvn. Þó vill minni hl. nefndarinnar benda á nauðsyn þess, að váttryggingamál fiskiskipa verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Um síðari þátt frv. — ráðstöfun gengishagnaðar — er fjallað í 9. gr. frv.

Minni hl. nefndarinnar telur í hæsta máta óeðlilegt, að ráðherra verði falið að ráðstafa stórkostlegum upphæðum í lán og styrki að eigin geðþótta. Því leggjum við til á sérstöku þingskjali að fastákveðnar reglur verði markaðar í lögum um þessi efni og framkvæmdin falin þeim aðilum, sem eðlilegast er að um hana sjái. Einnig telur minni hlutinn eðlilegt og sjálfsagt að við úthlutun gengishagnaðar sé miðað við bæði vetrar- og sumarúthald og engar takmarkanir séu settar um stærð þeirra fiskibáta, sem fyrirgreiðslunnar geti notið.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar bendir á, að sjómenn eigi tilkall til gengishagnaðarins ekkert síður en útvegsmenn og fiskverkendur. Ekkert fillit er tekið til þessa í frv., enda þar hvergi finnanleg ákvæði um að hluta gengishagnaðarins sé ráðstafað í þágu sjómanna.

Meiri hl. nefndarinnar mun leggja fram tillögu um þetta efni. Þær tillögur eru hins vegar algerar sýndartillögur, því að aðeins er þar gert ráð fyrir að verja mjög óverulegum hluta gengishagnaðarins í þágu sjómannastéttarinnar. Minni hl. gerir það að tillögu sinni á sérstöku þingskjali, að upphæðirnar í þessum tillögum meiri hl. verði hækkaðar verulega, og bendir á, að þar er aðeins um sanngjarna og í fyllsta máta eðlilega lausn að ræða.

Meiri hl. n. mun leggja til, að 50 millj. kr. af gengishagnaðinum verði ráðstafað til verðbóta á fiskmjöli, öðru en loðnumjöli. Minni hl. n. sér engin rök mæla með þeirri afgreiðslu.

Alþingi, 18. des. 1974.

Garðar Sigurðsson,
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.